

## Nokkrar kennitölur til greiningar á ársreikningum

Heiti á íslensku (ensku)	Formúla	Notkun
Veltuhraði birgða (inventory turnover ratio)	$\frac{\text{Kostnaðarverð seldra vara}}{\text{Meðalstaða birgða}}$	Veltuhraðinn er mælikvarði á hagkvæmni birgðastýringar. Því hærra sem hlutfallið er þeim mun oftar veltir félagið birgðunum.
Biðtími birgða	$\frac{365}{\text{Veltuhraði birgða}}$	Biðtíminn segir til um hve langan tíma tekur að selja birgðirnar, þ.e. breyta þeim í tekjur. Stuttur biðtími birgða getur verið merki um greiðsluferfiðleika.
Veltuhraði viðskiptakrafna (accounts receivable turnover)	$\frac{\text{Sala} * 1,255}{\text{Meðalstaða viðskiptakrafna}}$	Veltuhraðinn er mælikvarði á innheimtu félags (kröfustýringu). Því hærra sem hlutfallið er þeim mun skilvirkari innheimta. Bæta þarf vsk. við söluna (þ.e. x 1,255) því kröfurnar eru með vsk.
Innheimtutími krafna (average collection period)	$\frac{365}{\text{Veltuhraði viðskiptakrafna}}$	Innheimtutíminn segir til um hve langan tíma tekur að breyta viðskiptakröfum í handbært fé. Stuttur innheimtutími krafna er talinn merki um hagkvæmni í rekstri.
Brúttóágóðahlutfall % (gross profit margin)	$\frac{\text{Brúttó ágóði}}{\text{Sala}}$	Hér er eingöngu horft til árangurs af vörusölu sjálfri. Sem sagt rekstrartekjurnar (salan) mínus kostnaðarverð seldra vara sýndar sem hlutfall af sölu. Þrengra sjónarhorn en næsta hlutfall sýnir.
Rekstrarhagnaðarlutfall % (operating profit margin)	$\frac{\text{Rekstrarhagnaður (þ.e. EBIT)}}{\text{Sala}}$	Sýnir hvað stór hluti söluunnar skilar sér sem rekstrarhagnaður, þ.e. áður en fjármagnsliðir og skattar eru greiddir.
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	Rekstrarhagnaður (þ.e. EBIT) + Afskriftir	Skammstöfun á Earnings before interests, taxes, depreciation and amortization.
Framlegðarlutfall rekstrar % (contribution ratio)	$\frac{\text{EBITDA}}{\text{Sala}}$	Þessi kennitala er einnig kölluð EBITDA-framlegð. Sýnir hversu miklu reksturinn skilar til að standa undir fjármagnskostnaði, sköttum og arði (hagnaði) til eigenda. Rekstrarhagkvæmnin endurspeglast í hlutfallinu.
Veltufjárhlutfall (current ratio)	$\frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$	Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu tólf mánuði. Þarf helst að vera >1 (eða 1:1) og því hærra þeim mun betra. Hátt hlutfall gæti þó vitnað um erfiðleika í birgðastýringu eða innheimtu viðskiptakrafna. Munið að Hreint veltufé = Veltufjármunir – Skammtímaskuldir
Lausafjárhlutfall (quick ratio, acid test ratio)	$\frac{\text{Veltufjármunir} - \text{Birgðir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$	Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði með kvikum veltufjármunum. Birgðirnar á eftir að selja og þær því ekki peninga-verðslíður á sama hátt og aðrir veltufjármunir. Þetta er harðari mælikvarði á skammtímagreiðsluhæfi fyrirtækisins heldur en veltufjárhlutfallið.
Eiginfjárhlutfall eða Tapsþol % (owner's equity ratio)	$\frac{\text{Eigið fé}}{\text{Heildarfjármagn}}$	Sýnir fjárhagslegan styrk félags til að mæta móþbyr án þess að skerða skuldbindingar sínar við aðra en hluthafa. Nefnarinn er annað hvort skuldir + eigið fé eða heildarfjármunir.
Skuldahlutfall % (debt ratio)	$\frac{\text{Heildarskuldir}}{\text{Heildareignir}}$	Segir til um hve stór hluti af heildareignum er fjármagnaður af lánardrottnum félagsins. Getur gefið vísbendingu um hæfi félags til að standa af sér áföll án þess að þau bitni á lánardrottnum. Áhættan eykst eftir því sem hlutfallið er hærra.
Eiginfjárhlutfall + Skuldahlutfall = 1		Skýrir sig eiginlega sjálf.

Langtímaskuldahlutfall % (long-term debt ratio – gearing ratio)	$\frac{\text{Langtímaskuldir}}{\text{Langtímafjármagn}}$	Segir til um fjárhagslega áhættu af skuldsetningu félags. Því hærra sem þetta hlutfall er þeim mun meiri má telja áhættuna.
Arðsemi eigin fjár % (return on equity - ROE)	$\frac{\text{Hagnaður}}{\text{Eigið fé}}$	Segir til um hvernig tekst að ávaxta fjármagnið sem eigendur hafa bundið í félaginu. Í teljara er eðlilegast að hafa hagnað án óreglulegra liða. Í nefnara er algengt að hafa eigið fé í ársbyrjun. Betra er að nota meðaltal af eigin fé í ársbyrjun og árslok (án hagnaðar ársins). Varast ber að trúa þessari kennitölu í blindni.
Arðsemi heildareigna % (return on assets - ROTA)	$\frac{\text{Hagnaður}}{\text{Heildareignir}}$	Segir til um hvernig tekst að ávaxta þá fjármuni sem í félaginu eru bundnir, án tillits til fjármögnunar þeirra. Nefnarinn er ýmist heildareignir í ársbyrjun eða meðaltal af heildareignum í ársbyrjun og árslok.
<b>Nokkrar kennitölur og formúlur til viðbótar</b>		
Vaxtaþekja (interest coverage ratio)	$\frac{\text{Rekstrarhagnaður (EBIT)}}{\text{Vaxtagjöld}}$	Kennitalan mælir getu félags til að standa við vaxtagreiðslur af lánnum. Eðlilegast að nota rekstrarhagnað án fjármagnsliða. Því lægri sem vaxtaþekjan er þeim mun meiri byrði eru skuldirnar á rekstri félagsins.
Markaðsvirði (market value)	Hlutfé * Gengi	Segir til um hvað markaðurinn væri reiðubúinn að gefa fyrir allt hlutfé í félaginu. Óraunhæft - því sjaldnast eru allir hlutirnir til sölu í einu.
Heildarvirði (enterprise value)	Markaðsvirði + Langtímaskuldir	Bæta þarf skuldunum við markaðsverðið, því sá sem kaupir allt félagið verður að yfirtaka skuldir þess.
V/H-hlutfall (price-earnings ratio)	$\frac{\text{Markaðsvirði}}{\text{Hagnaður}}$	Einn algengasti mælikvarði á verð hlutabréfa, en ekki gallalaus! Segir til um hvað það verð sem fjárfestar eru tilbúnir að greiða fyrir hlutabréf félagsins jafngildir margra ára hagnaði. Sambærilegt við hugtakið „Endurgreiðslutími fjárfestingar“.
V/I-hlutfall (price to book ratio)	$\frac{\text{Markaðsvirði}}{\text{Eigið fé}} \frac{\text{(eða Gengi)}}{\text{(eða Innra virði)}}$ (Innra virði = EF / Hlutfé)	Kennitalan ber saman markaðsvirði hlutabréfa félagsins og bókfært virði eigin fjár samkvæmt efnahagsreikningi. Ef hlutfallið er hátt eru fjárfestar til í að greiða hátt verð fyrir bréfin. Þeir telja þá eignir félagsins vanmetnar, þ.e. einhver huglæg verðmæti sem ekki eru færð til bókar eða verðmætar eignir sem hafa verið afskrifaðar að mestu. Ef hlutfallið er < 1 telja fjárfestar félagið ofmetið í bókhaldi.
Hagnaður á hlut (earnings per share - EPS)	$\frac{\text{Hagnaður}}{\text{Útistandandi hlutir að meðaltali}}$	Nefnarinn er í raun sama og nafnverð útistandandi hluta. Kennitalan gefur til kynna hver hagnaður er miðað við hverja krónu nafnverðs og er þannig settur í samband við innborgað hlutfé í viðkomandi félagi. Yfirverð hlutfjár er hér undanskilið.
Raunvextir % (þ.e. 1 + raunvextir)	$\frac{1 + \text{nafnvextir í \%}}{1 + \text{verðbólga í \%}}$	Einfölduð nálgun við þetta er: Nafnvextir - Verðbólga Áhrif lántökukostnaðar þarf yfirleitt að meta m.t.t. skattáhrifa vegna þess að ríkið „niðurgreiðir“ þennan kostnað, þ.e. vaxtagjöld eru frádráttarbær frá skattstofni. Sem sagt: vextirnir mínus skattspörun.
Ávöxtun (framítidarvirði fundið) (future value)	Greiðsla núna * (1 + k) <sup>t</sup>	k = vextirtíni á tímabilinu, t = fjöldi tímabila Ef ársvextir eru t.d. 12% og vaxtareiknað er á mánaðarfresti þá er k = 0,12/12 = 0,01
Afvöxtun (núvirði fundið) (present value)	Greiðsla í framtíð * 1/(1 + k) <sup>t</sup>	Sama.
Álagning sem fjárhæð	Söluverð – Kostnaðarverð	
Álagning sem %	$\frac{\text{Söluverð án vsk}}{\text{Kostnaðarverð}} - 1$	

